




Þegar tekur að bregða birtu eru heimilin lýst upp með rafmagnsljósum en á hátíðisstund um er griplið til kertanna, sem með dauðu skini sínu megna að töfra fram sérstakan hugblæ.

Einkum á þetta við um jólin, aldrei logar á fleiri kertum en jóladagana þótt það færast í vöxt að lýst sé með kertum við önnur hátíðleg tækifæri og þau séu notuð meira til skreytinga en áður.

Í rúm fjörutíu ár hefur Kerta gerðin Hreinn framleitt kerti handa landsmönnum, árleg framlenðsla er nú um 35 tonn af kertum.

Á hverju ári koma fram ýmsar nýjungar í kertagerðinni því að

Jóla- ljósin



Þarna er gamla aðferðin notuð, kveiknum er dýft niður í vaxið, Sigurbjörn Knutsen er búinn að vinna við kertagerð í rúm fjörutíu ár.

þau fylgja tízkunni eins og flest annað. Í ár ber mest á nýjungum í litavali. Áður fyrr þekktust varla nema hvít kerti, en smám saman kom fram meiri tilbreytni í lit og lögun. Aldrei hafa kartin verið litsterkari en þau, sem eru framleidd fyrir þessi jól. Til nýjunganna teljast dökkgræn, og blá, appelsínulit, gul og rauð kóngaljós og

stuðlaljós.

Einnig getur fólk fengið núna sérstaklega gerð garðljós til þess að birtu beri yfir garðinn eða svalirnar og fyrir þá, sem vilja halda teinu vel heitu í

katlinum eru framleidd teljós, sem standa á grindinni undir katlinum.

Myndsjaín í dag er frá heimsókn í Hrein þar sem fylgt var með hvernig jólaljósin verða til.



Nú á dögum eru flest kartin framleidd í vélum, kóngaljós og stuðlaljós eru framleidd í þessum vélum.



Guðrún Guðmundsdóttir og Guðlaug Sigmarsdóttir pakka kertum inn í sellófan.



Helgi Magnússon er þarna að fræsa eða skera til kartin, bak við hrærir verkstjórninn Karl Einarsson í vaxinu.



Herdís Leopoldsdóttir kveikir á jólaljósunum.